

Hvernig kort er Gjafakort Sparisjóðsins?

Gjafakort Sparisjóðsins er fyrirframgreitt kreditkort. Kortið er hægt að nota hjá öllum söluaðilum sem taka á móti VISA kortum sem og á netinu. Kortið hringir eftir heimild í hvert skipti sem það er notað og því að ekki að vera hægt að „fara yfir“ á því.

Geta allir keypt og notað kortið?

Það geta allir keypt Gjafakort Sparisjóðsins og það er ekki nauðsynlegt að vera viðskiptavinur Sparisjóðsins til þess að kaupa kortið. Það geta jafnframt allir notað Gjafakortið.

Er einhver takmörkun á fjárhæð þegar lagt er inn á gjafakortið?

Já, hámark er 100.000 kr. og lágmark er 2.000 kr.

Hvar er hægt að kaupa Gjafakort?

Það er hægt að fá gjafakort á öllum afgreiðslustöðum sparisjóðanna og er kortið afhent í fallegum gjafaumbúðum.

Þegar inneign gjafakorts klárast, er hægt að fylla á kortið aftur?

Nei, þegar inneign klárast er gjafakortið í raun ónýtt.

Hvar get ég skoðað inneignina á kortinu?

Hægt er að skoða inneignina á kortinu á spar.is/gjafakort. Engin yfirlit eru send vegna Gjafakortsins

Hvað gerist ef gildistími korts rennur út en inneign er til staðar?

Hægt er að fá nýtt gjafakort með þeirri inneign sem er til staðar. Korthafi hefur þrjá mánuði til að færa inneignina á nýtt gjafakort. Greiða þarf fyrir nýtt gjafakort samkvæmt gjaldskrá Sparisjóðsins.

Er Gjafakortið með örgjörva og PIN númeri?

Gjafakortið er örgjörvalaus og því fylgir ekkert PIN númer. Á kortinu er segulrönd og er það notað með því að renna segulröndinni í gegnum posa söluaðila þegar verslað er með því.

Þar sem kortið er ekki með örgjörva hefur borið á því að handhafar Gjafakorta hafa lent í vandræðum með notkun erlendis. Þetta á einna helst við í löndum þar sem örgjörvavæðing er langt komin og óskað er eftir því að korthafar staðfesti greiðslu með PIN númeri. Samkvæmt samningi söluaðila við VISA International ber þó öllum söluaðilum að taka við segulrandarkortum gegn undirskrift korthafa án þess að óskað sé eftir PIN númeri. Ef handhafar Gjafakortsins fá synjum erlendis á ofangreindum forsendum er það brot á samningum og viðkomandi er beðin um að tilkynna verslunina til Valitor, þjónustuaðila VISA á Íslandi.

Af hverju þarf að greiða fyrir gjafakortið?

Það fylgir því ákveðinn kostnaður að gefa út gjafakortið. Í staðin fær kaupandi gjafakortið í veglegum umbúðum.

Geta allir keypt gjafakort?

Já, það geta allir keypt gjafakort. Ekki er gerð krafa um að viðkomandi sé í viðskiptum við Sparisjóðinn.

Er hægt að nota gjafakortið erlendis?

Það er hægt að nota kortið erlendis en handhafar gjafakorts geta þó lent í vandræðum þar sem ekki er örgjörvi á kortinu. Því er ávallt æskilegt að gera aðrar ráðstafanir meðfram notkun kortsins erlendis.

Er hægt að nota kortið á netinu?

Já, í flestum tilfellum er það hægt. Aftan á kortinu er til að mynda CVC2 öryggisnúmer sem oftast þarf að skrá inn hjá söluaðila. Í einhverjum tilfellum getur söluaðili óskað eftir nánari upplýsingum um handhafa gjafakortsins.

Ef gjafakortið týnist, hvað geri ég?

Ef gjafakortið týnist er nauðsynlegt að hafa skráð niður númer kortsins til að geta lokað því. Gjafakortin eru ekki skráð á nafn og því getur hver sem er notað það. Til að láta loka kortinu er best að hringja í Sparisjóðinn sem gaf kortið út, sjá lista yfir sparisjóði hér . Glatist kortið utan opnunartíma Sparisjóðsins, er hægt að hringja í þjónustuver Valitor í síma 525 2000.

Við hvaða gengi á að miða við ef færslan er erlend?

Miðað er við gengi VISA sem hægt er að skoða á heimasíðu Sparisjóðsins. Athugaðu að erlendar færslur geta ekki verið hærri en 95% af inneign korts.

Þarf að samþykka skilmála eins og á við um önnur greiðslukort?

Handhafi gjafakorts samþykkir skilmála kortsins við fyrstu notkun.